



FRUMKVÆÐISSJÓÐUR BETRI BAKKAFJARÐAR

2024



BYGGÐASTOFNUN



UM BETRI BAKKAFJÖRÐ OG FRUMKVÆÐISSJÓÐ

Betri Bakkafjörður er eitt af verkefnum sem heyra undir Byggðastofnun með vinnuheitinu Brothættar byggðir. Í nóvember 2019 var samþykkt verkefnisáætlun sem verkefnisstjórn og verkefnisstjóri höfðu unnið upp úr umræðum og áherslumálum frá íbúabingi og tillögum ráðherraskipaðrar nefndar um málefni Bakkafjarðar sem samþykktar voru á fundi ríkisstjórnar 23. nóvember 2018.

Meginmarkmið verkefnisins eru fjögur:

Stærkir samfélagsinnviðir
Öflugt atvinnulíf
Aðlaðandi ímynd Bakkafjarðar
Skapandi mannlíf

Hvert þáttökubýggðarlag fær tiltekna upphæð árlega til að styðja frumkvæðisverkefni íbúa. Verkefnisstjórn úthlutar fjármununum. Fjármagni er einungis úthlutað til verkefna er styðja framtíðarsýn og meginmarkmið verkefnisins í viðkomandi byggðarlagi.

Í ár bárust alls 14 umsóknir að heildarupphæð 23.002.500 kr. en sjóðurinn hafði til ráðstöfunar 10,5 m.kr. sem úthlutað var til 13 verkefna.

VERKEFNISSTJÓRN BETRI BAKKAFJARÐAR

- Björn S. Lárusson - sveitarstjóri Langanesbyggðar
- Sigurður Guðmundsson - oddviti Langanesbyggðar
- Hildur Halldórsdóttir - SSNE
- Mariusz Mozejko - fulltrúi íbúa
- Gunnlaugur Steinarsson - fulltrúi íbúa
- Helga Harðardóttir - Byggðastofnun
- Kristján Þ. Halldórsson - Byggðastofnun

- Romi Schmitz - verkefnisstjóri Betri Bakkafjarðar

STYRKHAFAR FRUMKVÆÐISSJÓÐS BETRI BAKKAFJARÐAR 2024



VERKEFNI - GRÁSLEPPAN 2024

UMSÆKJANDI: BAKKASYSTUR EHF.
UPPHÆÐ STYRKS 1.100.000 KR

Verkefnið gengur út á að skipuleggja og festa í sessi uppskeruhátíð grásleppuvertíðar árið 2024. Markmið viðburðar er að vekja athygli á fisktegund sem hefur verið mikilvæg í sögu Bakkafjarðar, fagna vertíðarlokum og blása lífi í hátíðarhöld í kringum sjómannadag. Hér skapast mikilvægt tækifæri til samverustundar íbúa og velunnara Bakkafjarðar, þar sem sérstök áhersla er lögð á að kynna afurðina sem hefur verið staðnum svo mikilvæg. Hátíðin var haldin í fyrsta skipti á Bakkafirði í júní árið 2023 og bar míkinn árangur.

VERKEFNI - SÖGUSÝNING- MARGMIÐLUN OG VARÐVEISLA

UMSÆKJANDI: BAKKASYSTUR EHF.
UPPHÆÐ STYRKS 600.000 KR

Verkefnið byggir á fyrra verkefninu „GUNNÓLFSVÍKURFJALLIÐ ER SVO BLÁTT“ og gengur út á yfirfærslu heimilda sem aflað hefur verið fyrir sögusýninguna á stafrænt form. GUNNÓLFSVÍKURFJALLIÐ ER SVO BLÁTT er sýning um síldarævintýrið á Bakkafirði en sú saga er samofin þrotlausri baráttu kynslóðanna við að halda mannlífi og byggð í Bakkaflóa. Varðveislan heimildanna er forsenda fyrir frekari vinnslu minja og þróun á miðlun sýningar í vigtarhúsinu.

VERKEFNI - ÚTIVIST, HEILSA, UMHVERFI OG NÚVITUND/RETREAT CENTER BAKKAFIRÐI

UMSÆKJANDI: JÓHANNA MAGNÚSDÓTTIR
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR

Verkefnið gengur út á að búa til viðskiptaáætlun og byggja upp heilsutengda ferðaþjónustu á Bakkafirði þar sem einnig verður lögð áhersla á umhverfi og sjálfbærni. Markmiðið er að ganga til samstarfs við aðra ferðaþjónustuaðila á Bakkafirði og bjóða upp á fimm daga dagskrá þar sem tvinnast saman útivist og vinna við gróðursetningu matjurta og trjáa. Gefur það fólki tækifæri á að njóta og upplifa landið á annan hátt en í hefðbundnum ferðum þegar farið er á milli staða.

VERKEFNI - UMHVERFIS- OG ÖRYGGISMÁL

UMSÆKJANDI: BJARGVÆTTIR EHF.
UPPHÆÐ STYRKS 500.000 KR

Markmið verkefnisins er að ganga frá umhverfis- og öryggismálum að Bjargi, svo hægt sé að reka þar menningartengda ferðaþjónustu. Jóhanna Magnúsdóttir og Einar Úlfsson sem reka fyrirtækið Bjargvættir ehf. standa að verkefninu sem skapa á tækifæri fyrir ferðamenn til að gista á svæðinu og njóta þeirrar afþreyingar sem verið er að koma upp á svæðinu eða hefur nú þegar verið komið upp. Þau hafa staðið fyrir metnaðarfullum endurbótum að Bjargi og vakið um leið athygli á Bakkafirði.

VERKEFNI - VELKOMIN TIL HAFNAR - SKILTAGERÐ

UMSÆKJANDI: LANGANESBYGGÐ
UPPHÆÐ STYRKS 700.000 KR

Verkefnið snýst um að setja upp dvalarsvæði við Hafnartangann á Bakkafirði og þróa hann áfram sem áfangastað fyrir ferðamenn. Skapaður verður yndisreitir með útilistaverkum til að leika sér í og er hugmyndin að fanga sérstöðu Bakkafjarðar og Langanesbyggðar og koma á framfæri við innlenda og erlenda gesti. Sótt er um í þann verkþátt að setja upp upplýsingaskilti við verkin.

VERKEFNI - FUGLASKOÐUNARSKÝLI VIÐ FINNAFJARÐAÁ

UMSÆKJANDI: REIMAR SIGURJÓNSSON
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR

Verkefnið gengur út á að koma upp fuglaskoðunarhúsi við ós Finnaafjarðarár. Verkefnið er tengt við Fuglastíginn á Norðausturlandi sem liður í því að byggja upp stíginn og þróa Norðausturland sem kjörsvæði fuglaáhugafólks. Fleiri ferðamenn eru dregnir inn á kalt svæði, einkum þá sem líklegir eru til að dvelja lengur. Verkefnið styrkir þannig þá ferðapjónustu sem umsækjandi rekur nú þegar. Einnig er hugmyndin að skýlið verði smíðað úr rekavið til að endurvinna og til að sýna fram á að hægt sé að framleiða ýmislegt úr rekavið.

VERKEFNI - SAMRÆMD UPPLÝSINGARSKILTI Á BAKKAFIRÐI

UMSÆKJANDI: SVANHILDUR ARNMUNDSDÓTTIR
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR

Verkefnið gengur út á að setja upp upplýsingaskilti á Bakkafirði og í kringum Bakkafjörð til að vekja eftirtekt og upplýsa um mikilvægustu staði svæðisins. Markmiðið þess að vísa á staðina er að ferðamenn dvelji frekar á svæði og skoði það heldur en að keyra bara í gegn

VERKEFNI - SMALAHUNDAÞJÁLFUN

UMSÆKJANDI: KRZYSZTOF KRAWCZYK
UPPHÆÐ STYRKS 1.600.000 KR

Markmið verkefnisins er að koma sér upp betri aðstöðu til að passa og þjálfa smalahunda bæði umsækjandans og viðskiptavina og einnig til að bjóða upp á kennslu í smalahundaþjálfun. Sótt er um styrk í kaup á einangruðum gámi, smíði innréttinga og uppsetningu girðingar. Einnig er ráðgert að bjóða upp á að gæta hunda til skemmri tíma. Verkefnið er atvinnuskapandi meðfram sauðfjárbúskap og ætti að auðvelda smalanir á haustin þar sem æ færri einstaklingar gefa kost á sér í göngur.

VERKEFNI - FRISBÍGÓLF Á BAKKAFIRÐI

UMSÆKJANDI: VÍÐIR MÁR HERMANNSSON
UPPHÆÐ STYRKS 700.000 KR

Styrkur fékkst til gerðar frisbíggólfsvölls á Bakkafirði 2021 og til framhalds verkefnisins 2023 úr Frumkvæðissjóði Betri Bakkafjarðar. Nú stendur til að bæta aðstöðuna og bæta við þær undirstöður fyrir spilara sem ennþá vantar. Markmið verkefnisins er að byggja upp betri aðstöðu til þess að stunda íþróttina af meiri gæðum og nákvæmni og minnka slyshættu.

VERKEFNI - AFÞREYINGARÞJÓNUSTA NORTH EAST TRAVEL

UMSÆKJANDI: NORTH EAST TRAVEL EHF.
UPPHÆÐ STYRKS 900.000 KR

Verkefnið gengur út á að bjóða upp á skipulagðar afþreyingarferðir á Bakkafirði og gefa ferðamönnum kost á að upplifa norðurslóðir Íslands á öðruvísi hátt með því að bjóða upp á fjórhjólaferðir á Bakkafirði og nærliggjandi svæðum. Markmiðið er að opna ferðaskrifstofu á Bakkafirði sem getur þjónustað ekki bara gesti umsækjandans heldur aukið við þjónustu á öllu Norðausturhorninu og gert ferðamönnum kleift að bóka sig í ferðir og gistingar.

VERKEFNI - BAKKAFEST

UMSÆKJANDI: NORTH EAST TRAVEL
EHF. EHF UPPHÆÐ STYRKS 900.000 KR

Bakkafest er menningarhátíð sem var haldin í fyrsta skipti árið 2021 við góðar undirtektir íbúa og gesta. Umsækjendur vinna nú að því að skipuleggja enn stærri hátíð þar sem verður boðið upp á líflega og fjölbreytta dagskrá. Bakkafest er vonandi komin til að vera, enda er hún afbragðsgóð kynning fyrir svæðið og dregur til sín fjölda gesta. Þannig eflir hátíðin ferðapjónustu á svæðinu og opnar möguleika á aukinni starfsemi hjá ungri atvinnugrein.

VERKEFNI - BERGHOLT

UMSÆKJANDI: BERGHOLT 1 EHF.
UPPHÆÐ STYRKS 500.000 KR

Verkefnið snýr að áframhaldandi endurbótum á Bergholti sem er byggt 1926 og því elsta steinhúsið á Bakkafirði. Verkefnið hefur áður fengið kr. 1.500.000 styrk 2021 og var þá byrjað á verklegum framkvæmdum sumarið 2022. Núna er sótt um fyrir þann verkþátt að skipta um þak og að einangra og þússa útveggi. Gert er ráð fyrir að húsið verði notað fyrir betur borgandi ferðamenn og listamenn og byggir verkefnið á góðri forvinnu.

— —————

FRUMKVÆÐISSJÓÐUR BETRI BAKKAFJARÐAR 2024

